

## **Tillögur Framsóknar og frjálsra við fjárhagsáætlunargerð Akraneskaupstaðar 2026-2029.**

Bæjarfulltrúar Framsóknar og Frjálsra leggja fram svohljóðandi tillögur við fjárhagsáætlunargerð 2026-2029.

### **1. Skipurit Akraneskaupstaðar**

Það eru komin tvö ár síðan við hófum þessa vegferð og ætti ekkert að vera okkur til fyrirstöðu að ljúka henni áður en kjötímabilið klárast. Framsókn og Frjálsir leggja áherslu á að þessi vinna verði unnin í sátt og með virku samtali við starfsfólk, þar sem traust, gagnsæi og samvinna eru í forgrunni. Markmið með nýju skipuriti á að vera til þess gert að auka gæði og hraða í stjórnkerfi Akraneskaupstaðar og að umboð og ábyrgð stjórnenda séu skýr. Nýtt skipurit ætti að útrýma flöskuhálsum og óhagkvæmum ferlum með áherslu á sjálfvirknivæðingu og rafræna stjórnsýslu.

Tillaga bæjarfulltrúa Framsóknar- og frjálsra er að vinnuhópur sem hefur verið að störfum við þessa vinnu ljúki henni sem fyrst.

### **2. Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2026-2029**

Í haust var settur vinnufundur um fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun. Sá fundur var ágætur en augljóslega var mikill óvissa með fjárfestingagetu sveitarfélagsins og því erfitt að taka ákvörðun um næstu skref. Hins vegar hefur enginn vinnufundur verið haldinn fyrir fyrri umræðu né var lítil sem enginn umræða um fjárfestingaáætlun á síðasta fundi skipulags- og umhverfisráðs. Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra skilja ekki alveg þessi vinnubrögð og vita hreinlega ekki hverjar áherslur eru meirihlutans í þessum efnum. Að því sögðu, vilja bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra leggja áherslu á eftirfarandi verkefni miðað við fjárfestingagetu sveitarfélagsins og til að gera okkur í stakk búinn að hefja framkvæmdir við stór verkefni á komandi árum:

- Skipulagsvinna við Kirkjubraut
- Skipulagsvinna við Ægisbraut og uppbygging nýs leikskóla við Vesturgötu/Ægisbraut
- Skipulagsvinna við Jaðarsbakka varðandi nýja sundlaug og aðstöðumál Knattspyrnufélagsins og Sundfélagsins.
- Halda óbreyttri áætlun varðandi gatnaframkvæmdir þar sem hún byggist á núverandi skuldbindingum sem Akraneskaupstaður hefur gert. Eina breytan er áætlun við hringtorg um Akranesveg sem dreifist yfir á tvö ár.
- Skoða nýja nálgun varðandi uppbyggingu leikskóladeilda á næsta ári. Vísbendingar eru um þörfin sé að hliðrast til og þarf að endurskoða þetta mál milli umræðna og leggja til nýjar tillögur um forgangsöröðun.
- Endurskoða fjármagn sem fer í grunnskólalóðir, þörfin er meiri miðað við alla röskun t.d. á lóð Grundaskóla.
- Akraneshöllin er verkefni sem er á dagskrá hjá okkur en mikilvægt er að greina betur verkefnið með helstu hagsmunaaðilum til að taka ákvörðun um næstu skref.
- Viðhaldsverkefni sem eru á dagskrá í kjallara við Íþróttahús á Vesturgötu og Tónlistarskóla og Bókasafn þurfa að vera inni. Eins er mikilvægt að ekki verið dregið úr föstu viðhaldi.

- Endurnýjun á dælubíl hjá Slökkviliðið Akraness og Hvalfjarðarsveitar þarf að vera inni. Eins þarf að ráðast í endurbætur í húsnæði þeirra m.t.t. aðstöðumála. Endurskoða þarf því áætlun í samræmi við það.
- Við hjá Framsókn og Frjálsu höfum lagt áherslu á íbúalýðræði og fór sú vegferð af stað í byrjun kjörtímabilsins. Verkefni á borð við bætt aðgengi í fjörur sveitarfélagsins og svið í Garðalundi kláruðust en það verkefni sem fékk hlutfallega mestu kosningu var sett á frost og er það Merkurtún. Búið er að leggja vinnu í hönnun og áfangaskipta þessu verkefni og leggja bæjarfulltrúa Framsóknar og Frjálsra það til að setja fjármagn í það verkefni á árinu 2026 og byrja þessa vegferð að byggja glæsilegasta leikvöll landsins með aðgengi fyrir öll.

### 3. Mannauðsmál - greining og forvarnir vegna veikindakostnaðar

Akraneskaupstaður hefur greitt samtals **245 m.kr. í langtímaveikindi** síðustu þrjú ár, sem nemur **1,1–1,4%** af heildarlaunaútgjöldum árlega. Þetta er án skammtímaveikinda, sem væri mikilvægt að greina sérstaklega.

#### Tillaga Framsóknar og Frjálsa:

- Endurskoða mannauðsstefnu Akraneskaupstaðar fyrir sumarið 2026 og setja fram heildstæða **mannauðsáætlun 2026–2029**.
- Móta áætlun um heilsueflingu og forvarnir sem miðar að því að draga úr skamm- og langtímaveikindum.
- Móta stefnu um endurkomu eftir veikindi og styðja við andlega heilsu og heilsueflingu.
- Greina veikindamynstur og skilgreina viðbrögð við háu hlutfalli veikinda. Akraneskaupstaður hefur á síðustu árum greitt verulegar fjárhæðir vegna langtímaveikinda og markviss forvarnarvinna getur bætt bæði heilsu starfsmanna og dregið úr kostnaði.
- Innleiða árlegar líðanarmælingar og þróa tölfræðimælaborð fyrir mannauðsmælingar.
- Efla símenntun og fræðslu starfsmanna
- Akraneskaupstaður skal styðja við bakið á starfsmönnum sem vilja efla sig í starfi.
- Hvetja skal starfsfólk til að sækja sér þekkingu, taka þátt í námskeiðum og faglegri þjálfun, bæði innan og utan vinnustaðar.
- Tryggja skal að starfsþróun sé hluti af árlegum starfsmannaviðtölum og að það sé raunhæfur rammi og stuðningur til að þróast í starfi.
- Þannig verður símenntun ekki aðeins skylda heldur **hluti af menningu** þar sem við lærum hvert af öðru og vöxtur einstaklingsins styrkir heildina.

**Markmið:** Að gera Akraneskaupstað að fyrirmyndarvinnustað þar sem mannauður, traust og samvinna eru í öndvegi. Að byggja upp menningu þar sem starfsfólk upplifir virðingu, tengingu og stolt, og þar sem kjörnir fulltrúar, stjórnendur og starfsmenn vinna saman með opnum huga og hjarta að hagsmunum heildarinnar — bæjarins, starfsfólksins og íbúanna.

#### 4. Greining á þjónustunýtingu og skilvirkni stjórnsýslu

Til að ná fram hagræðingu án skerðingar á þjónustu er mikilvægt að greina hvernig þjónusta sveitarfélagsins er nýtt og hvernig stjórnsýslan getur verið skilvirkari.

##### Tillaga Framsóknar og Frjálsra:

- Hefja kerfisbundna greiningu á nýtingu þjónustu í öllum helstu málaflokkum – t.d. félagsþjónustu, skólamál og frístund.
- Meta hvort þjónusta sé vannýtt, ofnýtt eða í jafnvægi og skoða möguleika á sameiningu, stafvæðingu eða breytingu á fyrirkomulagi.
- Greina stjórnsýsluferla með það að markmiði að einfalda, stytta og stafræna þar sem hægt er.
- Þróa mælaborð sem sýnir þjónustunýtingu og skilvirkni í rauntíma.

**Markmið:** Að tryggja að fjármunir nýtist sem best og að íbúar fái þjónustu sem er í samræmi við raunverulega þörf.

#### 5. Innkaupastjórnun hjá Akraneskaupstað

Það hefur margoft verið bent á að Akraneskaupstaður þurfi að endurskoða og samræma innkaupaferla sína til að tryggja hagkvæmni og ábyrga meðferð fjármuna. Þrátt fyrir að þessi vegferð sé hafin, hefur lítið gerst í raunverulegum aðgerðum og framkvæmdum.

Við höfum rætt þetta árum saman — en nú þarf að **spýta í lófana og koma verkefninu í verk**. Hér eru um að ræða stórar fjárhæðir og raunhæf tækifæri til sparnaðar án þess að það bitni á gæðum þjónustu eða starfsfólki.

Vitneskja bæjarfulltrúa um stöðu og umfang þeirra verkefna sem þegar eru til skoðunar er takmörkuð. Nauðsynlegt er að **liggi fyrir skýr og aðgengileg greining** á því hvaða verkefni hafa þegar verið tekin til rýni, hvaða niðurstöður hafa fengist og hver næstu skref eru.

Slíkt gagnsæi er forsenda þess að hægt sé að forgangsraða, fylgja málum eftir og ná árangri. Það er lykilatriði að fá forstöðumenn og starfsmenn með í þessa vinnu – þeirra reynsla og innsýn er ómetanleg og tryggir að niðurstöður verði bæði raunhæfar og faglegar. Með því að byggja á eigin mannauði má jafnframt draga úr kostnaði við aðkeypta þjónustu og styrkja innri getu sveitarfélagsins.

Markmiðið er að lækka kostnað **án þess að minnka gæði**, en með því að greina hvar tækifærin liggja til hagræðingar, samnýtingar og aukinnar skilvirkni. Við þurfum að vita hvar stærstu innkaupaliðir sveitarfélagsins eru og hvernig hægt er að nýta stærðarhagkvæmni betur.

##### Tillögur að næstu skrefum

###### 1. Heildargreining á innkaupum Akraneskaupstaðar 2023–2025

- a. Flokka helstu innkaupaliði eftir sviðum og verkefnum (t.d. skóla- og frístundasvið, velferðarsvið, tæknisvið).
- b. Greina stærstu útgjaldaliði, birgja og samningsform.
- c. Draga fram svæði þar sem möguleikar á sameiningu, útboðum eða nýrri samningsstefnu gætu skilað verulegum sparnaði.

###### 2. Samræmd innkaupastefna og aukin samnýting

- a. Tryggja að öll svið og stofnanir fylgi samræmdum verkferlum og viðmiðum í innkaupum.

- b. Sameina útboð þar sem margir aðilar eru að kaupa sömu vöru eða þjónustu, t.d. hreingerningarvörur, matvæli, hönnunar- og ráðgjafþjónustu.
- c. Kanna möguleika á sameiginlegum útboðum með öðrum sveitarfélögum á Vesturlandi, þar sem samningsstaða yrði sterkari og kostnaður lægri.

### 3. Endurskoðun á aðkeyptri þjónustu

- a. Kanna sérstaklega kostnað við lögfræði-, ráðgjafa- og sérfræðiaðstoð.
- b. Skoða hvort hægt sé að sameina verkefni, draga úr tvíverknaði eða nýta innri mannauð betur.
- c. Undirbúa útboð á **sálfræðiþjónustu**, með það að markmiði að tryggja bæði hagkvæmni og jafnt aðgengi að þjónustu.

### 4. Greining á birgjanotkun og samningsnýtingu

- a. Meta hvort samningsrammar séu nýttir á öllum sviðum.
- b. Tryggja að afsláttarkjör og samningsviðmið nýtist víðar innan sveitarfélagsins.
- c. Skoða sameiginlegt birgðahald þar sem það getur skilað hagræðingu, t.d. fyrir skóla, íþróttamannvirki og þjónustumiðstöðvar.

### 5. Fræðsla og ábyrgð

- a. Fræða forstöðumenn og lykilstarfsmenn í samningsstjórnun og hagkvæmum innkaupum.
- b. Skapa menningu gagnsæis og ábyrgðar, þar sem allir starfsmenn átta sig á því að hver króna sem sparast í innkaupum getur nýst í þjónustu við íbúa.

### 6. Sala eða breytingar á fasteignum Akraneskaupstaðar

Fylgja eftir áður samþykktum áætlunum um sölu á eignum bæjarins.

Tillaga Framsóknar og frjálsra að vísa til skipulags- og umhverfisráð þessu verkefni og að ráðið komi með áætlun um sölufarli þessara eigna eða ráðstöfun þeirra með öðrum hætti.

- Landsbankahúsið
- Kirkjuhvoll
- Gamli Iðnskólinn
- Gamla íþróttahúsið (Vesturgata 62)

### 7. Félagslegt húsnæði - Sala

Akraneskaupstaður á 20 leiguíbúðir. Á síðustu árum hafa komið inn á leigumarkaðinn hses félög eins t.d. Bjarg, Brynja og Brák. Eignasafn þessara félaga telur í dag 112 íbúðir á Akranesi. Skoða þarf kosti þess að kaupstaðurinn dragi saman sitt eignarsafn á sama tíma og samstarf verði aukið við þessi aðila.

**Tillaga Framsóknar og frjálsra er að velferðar- og mannréttindaráði verði falið eftirfarandi verkefni:**

- Úthlutunarreglur séu rýndar.

- Mörkuð verði stefna um fjölda og samsetningu íbúða í eignasafni bæjarins
- Íbúðir verði seldar á sama tíma og eignum er fjölgað í öðrum úrræðum.

## 8. Fasteignagjöld

Bæjarfulltrúar Framsóknar og frjálsra leggjast gegn því að hækkun fasteignamats sem birtist í hækkun fasteignagjalda verði velt að fullu yfir á heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu en ekki komið á mótis við þessa hópa með lækkun álagsprósentu. Við þurfum að sækja tekjur sveitarfélagsins með öðrum hætti en að hækka álögur.

## 9. Úttekt á rekstri sveitarfélagsins - KPMG vinna

Úttekt KPMG á rekstri sveitarfélagsins hófst fyrr á þessu ári en ákvörðunin var tekin í desember á síðasta ári. Framsókn og frjálsir leggja áherslu á að þessi vinna sé kláruð og kynnt fyrir bæjarfulltrúum ásamt aðgerðaráætlun

Undir þetta skrifa

Ragnar B. Sæmundsson, sign

Liv Aasa Skarstad, sign

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, sign